



Júní 2010

# **Greinargerð um mögulegar aðgerðir gegn einelti í skólum og á vinnustöðum**

**Félags- og tryggingamálaráðuneytið  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Heilbrigðisráðuneytið**

I. Inngangur.....	2
II. Aðferðafræði og verklag.....	3
III. Skilgreiningar á hugtakinu einelti.....	5
IV. Samráðsfundir með hagsmunaaðilum.....	5
V. Almennar aðgerðir gegn einelti.....	5
1. Skýrt verklag við úrlausn erfiðra eineltismála.....	6
2. Stuðningur við þolendur eineltis.....	6
3. Samvinna verði aukin um forvarnir og aðgerðir gegn einelti.....	7
4. Einn dagur árlega tileinkaður baráttunni gegn einelti og kynferðislegri áreitni.....	7
5. Öryggisnefndir (vinnuverndarnefndir) stjórnarráðsins.....	8
6. Fræðsla um mismunun, fordóma og einelti.....	8
7. Rannsóknir/gagnaúrvinnsla til að greina áhrif mismununar, fordóma og eineltis á samfélagið.....	8
8. Breytt hugtakanotkun.....	9
9. Netöryggismiðstöð Íslands.....	9
10. Stjórnun og skipulag aðgerða gegn einelti.....	9
a. Stofnun starfshóps (verkefnisstjórnar) um einelti.....	9
b. Kostnaður við framkvæmd verkefnisins.....	10
11. Eineltisteymi- fagråd.....	10
VI. Tillögur um verkefni í skólastarfi.....	11
1. Skuldbindandi yfirlýsing um aðgerðir gegn mismunun, fordómum og einelti í skólum og umhverfi barna og ungmenna.....	11
2. Gerð aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla.....	11
3. Þróun kennaramenntunar.....	12
4. Símenntun starfsfólks skóla.....	12
5. Að stuðla að umræðu um velferð og einelti/ofbeldi í skólum landsins.....	12
6. Verkefni gegn fordómum, mismunun og einelti í skólum.....	13
7. Markvissari vinnubrögð í framhaldsskólum.....	13
8. Endurskoðað hlutverk sérfræðiþjónustu sveitarfélaga fyrir leik- og grunnskóla.....	14
9. Ný reglugerð um ábyrgð nemenda í grunnskólum.....	14
VII. Tillögur um aðgerðir á vinnustöðum.....	15
1. Að á öllum vinnustöðum sé gert heildstætt áhættumat þar sem meðal annars eru skoðaðir félagslegir og andlegir áhættuþættir.....	15
2. Að áhætta sé metin m.t.t. til alvarleika og fjölda þeirra starfsmanna sem málið snertir.....	15
3. Að hver og einn vinnustaður setji skýr markmið og markvissa áætlun um forvarnir í samræmi við reglugerðir nr. 920/2006 og 1000/2004.....	16
4. Vitundarefning.....	16
5. Aðferðir við lausn erfiðra ágreiningsmála.....	16
6. Að jafnréttislög nr. 10/2008 verði endurskoðuð.....	17
7. Að reglugerð um einelti verði endurskoðuð.....	17
8. Að vinnu við reglugerð um starf þjónustuaðila í vinnuvernd verði lokið.....	17
Fylgiskjal 1.....	18
Fylgiskjal 2.....	20

## **I. Inngangur.**

Í byrjun maí 2009 var að frumkvæði þáverandi heilbrigðisráðherra boðað til samráðsfundar ráðuneytanna þriggja, þ.e. heilbrigðisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis þar sem fjallað var um hvernig staðan væri í eineltismálum í íslensku samfélagi. Ástæða þess að boðað var til fundarins með þessum hætti var byggð á því mati heilbrigðisráðherra að bregðast þyrfti við auknu einelti með skýrum og markvissum hætti og það þyrfti að gerast á vettvangi ráðuneytanna þriggja. Önnur ástæða þess að ráðuneytin þrjú tóku höndum saman um að skerpa athygli að einelti í samfélaginu var niðurstaða Umboðsmanns Alþingis á árinu 2009 um stjórnunar- og eftirlitskyldur ráðuneyta í undirstofnunum.<sup>1</sup>

Til samráðs ráðuneytanna voru einnig boðaðir fulltrúar Lýðheilsustöðvar sem tóku síðan að fullu þátt í samráðinu.

Á samráðsfundinum sem fyrr er nefndur var tekin sú ákvörðun að setja á laggirnar óformlegan starfshóp sem var falið það verkefni að kortleggja með heildstæðum hætti umfang vandans, framkvæma nauðsynlega greiningu á honum og koma með tillögur til lausnar. Vegna umfangs málsins var tekin ákvörðun um að afmarka umfjöllunina um stöðu eineltismála í skólum landsins og á vinnustöðum.

## **II. Aðferðafræði og verklag.**

Aðferðafræðinni sem beitt var við starf hópsins byggði á hugmyndafræði opins samráðs (Open Method of Coordination) þar sem gert var ráð fyrir þátttöku sem flestra þeirra sem hafa látið sig málið varða auk þolenda og aðstandenda þeirra. Jafnframt var lögð áhersla á að stilla upp mælanlegum viðmiðum til þess að árangursmeta yfirstandandi verkefni sem og að skoða góðar fyrirmyndir þar sem þær eru að finna.

Í tengslum við starf þessa hóps er mikilvægt að benda á að tillögur starfshópsins og þeirra sem tóku þátt í umræðuhópunum sem settar eru fram í þessari greinargerð geta verið eðli málsins samkvæmt tillögur að stefnumörkun/aðgerðum sem tilgreindar eru í mismunandi stefnum ýmissa aðila. Þær tillögur sem settar eru fram hér eru þá til þess fallnar að styrkja framkvæmd þeirra.

Starfshópurinn efndi þann 16. júní 2009 til umræðufundar í menntamálaráðuneytinu um eineltismál þar sem hlutverk starfshópsins var kynnt og farið yfir helstu atriði eineltisumræðunnar eins og hún hafði þá þróast. Á þennan umræðufund höfðu verið boðaðir 50 einstaklingar sem annaðhvort voru á eigin vegum eða voru fulltrúar ýmissa stofnana eða samtaka samfélagsins sem hafa látið sig þetta málefni varða.

Á fundinum var farið í greiningu á því hvað vel væri gert en einnig í hvaða aðgerðir þyrfti að ráðast.

Í máli fundarmanna komu fram margar hugmyndir sem líklegar eru til að styrkja innviði hjá ýmsum þjónustuaðilum þannig að draga mætti verulega úr einelti í samfélaginu.

Eftirfarandi verkefni var að mati fundarmanna knýjandi að takast á við:

---

<sup>1</sup> Álit umboðsmanns Alþingis nr. 5718/2009.

---

Að virkja betur núverandi þjónustukerfi:

- Athuga þarf framkvæmd reglna um öryggisnefndir á vinnustöðum og áhættumat: Eru lagaákvæði virt og hvernig er hægt að nota nefndirnar betur? Talið mikilvægt að byrja í stjórnarráðinu sem myndi beita sér fyrir starfi stofnana að þessum málum.
- Ráðuneytin auki meðvitund sína um einelti, og taki jafnvel frumkvæði með því að verða góðar fyrirmyndir á þessu sviði.
- Fræðsla til almennra starfsmanna um einelti: Hvernig er áætlunum fylgt? Eftirfylgd?
- Vinna gegn einelti sé samofin öllu skólastarfi í góðu samstarfi við heimilin.
- Fjallað sé um einelti í kennaramenntun og virk símenntun sé í boði fyrir starfsmenn skóla.
- Notkun fjölmiðlaefnis til að fræða um einelti?
- Samtal við stjórnendur um hvernig málunum er fylgt eftir
- Á einelti að vera barnaverndarmál?

Hvernig er best að virkja eineltisgrasrótarsamtök. Er öflug grasrót?

Óljóst í núverandi kerfi:

- Hver ber ábyrgð á hverju?
- Ómarkviss samskipti: Hverjar eru skyldur sveitarfélaga? Vandinn oft mestur í litlum samfélögum og skólum.
- Hvernig á að taka á málum þegar stjórnendur vinnustaðar/skóla eru ófærir um að taka á þeim?

Að auka áherslu á velferð:

- Áhersla í nýjum menntalögum um velferð barna – þarf að endurspeglast í aðalnámskrá.

Að leita frekari upplýsinga:

- Rannsóknir: Hvernig er þeim háttað og hvernig viljum við hafa þær?
- Stéttarfélag: Hvernig vinna þau að þessum málum?
- Eineltisteymi svæðisskrifstofanna, hvernig vinna þau?
- Kynningar á kennslu- og agaaðferðum til að móta jákvæðan skólabrag.

Starfshópur ráðuneytanna og Lýðheilsustöðvar tók að sér að vinna áfram með þær hugmyndir og tillögur sem komu fram á umræðufundinum. Starfshópurinn hefur síðan haldið fjölda funda um efnið og auk þess kynnt sér nánar ýmis verkefni og vel heppnaðar aðgerðir gegn einelti. Fjölmarginir hafa unnið að þessari tillögugerð auk starfshópsins. Starfshópurinn hefur að stofni til

---

verið samansettur af eftirfarandi aðilum: Höllu Gunnarsdóttur, Áslaugu Einarsdóttur og Héðni Unnsteinssyni frá heilbrigðisráðuneyti, Berglindi Rós Magnúsdóttur og Guðna Olgeirssyni frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Þór G. Þórarinssyni frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og Dóru Guðrúnu Guðmundsdóttur og síðar Jenný Ingudóttir frá Lýðheilsustöð og Lísu Kristjánsdóttur frá heilbrigðisráðuneyti.

Þann 28. maí 2010 eða rúmu ári eftir að vinnan við þetta verkefni fór af stað var aftur boðað til samráðsfundar þeirra rúmlega 50 aðila sem tóku þátt í samráði á síðasta ári. Á þessum fundi voru kynntar helstu tillögur hópsins um viðbrögð við einelti og óskað eftir athugasemdum og viðbótartillögum. Enn og aftur var óskað eftir viðbrögðum þessa stóra hóps og voru þær tvinnuðar saman við þær tillögur sem hér eru birtar. Fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins þau Berglind Rós Magnúsdóttir og Guðni Olgeirsson ásamt Þór G. Þórarinssyni úr félagsmálaráðuneytinu bera meginábyrgð á hvernig vinnan við þetta verkefni er sett fram í þessum texta.

### III. Skilgreiningar á hugtakinu einelti.

Í umræðunni um einelti hafa komið fram margar skilgreiningar á hugtakinu. Eftir nokkra skoðun var ákveðið að vinnuskilgreining hópsins á hugtakinu einelti yrði eftirfarandi:

*Einelti: Endurtekin ótilhlýðileg og ámælisverð háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns eða tveggja eða fleiri starfsmanna eða meðal nemenda eða milli nemenda og starfsfólks skóla.<sup>2</sup>*

### IV. Samráðsfundir með hagsmunaaðilum.

Eftir stóra samráðsfundinn í júní 2009 í menntamálaráðuneytinu ákvað samráðshópurinn að dýpka skilning sinn á ákveðnum þáttum sem sérstaklega höfðu komið fram. Í því augnamiði var sérstaklega rætt við ákveðna einstaklinga og fulltrúa stofnana. Er þessum aðilum sérstaklega þakkað fyrir samráðið. Nánar er gerð grein fyrir fundum í fylgiskjali 2.

Greinargerðinni er skipt upp í þrennt, í fyrsta lagi eru tilgreindar almennar aðgerðir gegn einelti, í öðru lagi eru tilgreindar sérstakar aðgerðir sem snúa að skólum og loks tillögur um aðgerðir á vinnustöðum. Reynt er að leggja mat á kostnað við þessar tillögur og eru þær áætlaðar um 9 m.kr. á ári.

---

<sup>2</sup> Skilgreiningin byggist nánast á óbreyttri skilgreiningu Vinnueftirlits ríkisins á einelti. Þó ber að geta þess að nemendur falla ekki undir Vinnuverndarlög. Breyta þyrfti lögum til þess að nemendur féllu undir lögum.

---

## V. Almennar aðgerðir gegn einelti.

Að mati starfshópsins þarf að grípa til fjölþættra aðgerða gegn einelti í samfélaginu. Starfshópurinn gerir fyrst tillögur um almenn verkefni sem ráðast þarf í en þau eru eftirfarandi:

### 1. Skýrt verklag við úrlausn erfiðra eineltismála.

Ábyrgðaraðilar: Vinnueftirlit ríkisins.

Samstarfsaðilar: Ráðuneytin og stofnanir. Fulltrúar starfsmanna eða almennir starfsmenn.  
Mat á árangri: Verklagsreglur liggja fyrir 1. janúar 2011.

Greinargerð: Hlutverk þjónustuaðila (sjá reglugerð nr. 1000/2004) á sviði sálfélagslegra áhættuþátta er meðal annars að veita þjónustu við gerð áhættumats og aðstoð við að móta stefnu og gera viðbragðsáætlanir vegna eineltis. Því miður er of algengt í dag að þjónustuaðilar séu ekki fengnir til að stuðla að forvörnum og aðgerðum gegn einelti, í samræmi við reglugerð nr. 1000/2004, heldur sé eingöngu lögð áhersla á að rannsaka eineltismál og leita að sekt eða sakleysi þeirra sem aðild eiga að málinu. Dæmi eru enn fremur um að atvinnurekendur aðhafist ekki í eineltismálum, mál einstaklinga séu því sett á bið sem getur haft þær afleiðingar í för með sér að þeir hrökklist úr starfi.

Í erfiðum eineltismálum hefur Vinnueftirlitið gert kröfu um að á vinnustaðurinn fái þjónustuaðila í vinnuvernd til að aðstoða við gerð áhættumats, mótun stefnu og viðbragðsáætlunar gegn einelti ásamt skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði í samræmi við reglugerðir og enn fremur að freista þess að finna leiðir til að leysa vandamál sem upp eru komin.

Mikilvægt að finna leiðir til að tryggja að þjónustuaðilarnir leggi áherslu á að aðstoða við framangreint á vinnustöðum og hægt sé að fylgja eftir aðgerðum til lausnar í erfiðum málum. Þetta er sérstaklega mikilvægt í erfiðum eineltismálum þegar ljóst er að ekki er til staðar skýr vilji atvinnurekenda til að finna lausn eða vinna að forvörnum og/eða þegar um er að ræða ítrekað einelti á vinnustaðnum. Mikilvægt er enn fremur að Vinnueftirlitið fái afrit af skýrslum þjónustuaðila þegar Vinnueftirlitið hefur gert kröfu um að slíkir aðilar séu fengnir vinnustöðum til aðstoðar.

Þjónustuaðilar þurfa að vera þess meðvitaðir að skýrslur sem þeir skrifa um eineltismál geta verið háðar upplýsingarrétti skv. upplýsingarlögum og ber að meðhöndla sem slíkar og að við gerð slíkra greinargerða sé gætt ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Enn fremur skal tryggja að aðilar máls fái að lesa það sem um þá er skrifað og að trúnaðar sé gætt. Jafnframt er bent á ákvæði reglugerðar 1000/2004 um samráð við vinnuverndarfulltrúa á vinnustaðnum þegar við á og ákvæði í reglugerð 920/2006 um upplýsingar til vinnuverndarfulltrúa um mælingar og rannsóknir á hollustuháttum og öryggi.

### 2. Stuðningur við þolendur eineltis.

Ábyrgðaraðilar: Heilbrigðisráðuneytið og heilsugæslustöðvar út um land allt.

---

Samstarfsaðilar: Félagspjónustur sveitarfélaga og aðrar stofnanir sem geta látið sig málið varða.

Skoðað verði hvort hægt sé að veita stuðning við þolendur á þremur heilsugæslustöðum á höfuðborgarsvæðinu sem tilraunaverkefni frá 1. júní 2011 til 1. júní 2013.

Mat á árangri: Þrjár heilsugæslustöðvar hafi framkvæmt verkefnið.

Almennt: Vinnueftirlitið er hlutlaus aðili og aðgerðir stofnunarinnar beinast fyrst og fremst að vinnustöðum en ekki einstaklingum. Nauðsynlegt er að þolendur geti leitað aðstoðar og stuðnings vegna afleiðinga eineltis eða annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi með sem minnstum kostnaði. Vinnueftirlitið hvetur því til þess að heilsugæslustöðvum verði gert kleift að veita fórnarlömbum eineltis nauðsynlega og faglega heilsuvernd og jafnvel bráðþjónustu ef þörf er á. Enn fremur væri mikilvægt að koma á símaráðgjöf sem þolendum stæði til boða. Á stærri vinnustöðum eru til staðar eineltisteymi sem gætu veitt aðstoð.

### 3. Samvinna verði aukin um forvarnir og aðgerðir gegn einelti.

Ábyrgðaraðilar: Heilbrigðisráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Lýðheilsustöð, félagspjónustur sveitarfélaga og heilsugæslustöðvar, skólaskrifstofur um land allt.

Mótuð verði forvarnaráætlun með vel skilgreindum markmiðum og leiðum að þeim.

Mat á árangri: Árið 2012 munu ráðuneytin standa að könnun á árangri þess forvarnarstarfs sem unnið hefur verið að.

Greinargerð: Einelti er alvarlegt samfélagsvandamál sem best verður tekist á við með samstilltum aðgerðum vinnustaða, stofnanna og félagasamtaka. Mikilvægt er enn fremur að skoða hlutverk og aðkomu stéttarfélaga að eineltismálum og auka samstarf þeirra um þennan málaflokk. Í dag er staðan þannig að þolendur/gerendur fá ólíka/mismunandi þjónustu eftir því hvaða stéttarfélagi þeir tilheyra. Ráðuneytin munu stilla saman strengi og beina tilmælum til og leiðbeina stofnunum sem undir þau heyra um forvarnir og forvarnaráætlanir. Upplýsingum um fyrirmyndar aðgerða-, og forvarnaáætlanir verði komið á framfæri við almenning.

### 4. Einn dagur árlega tileinkaður baráttunni gegn einelti og kynferðislegri áreitni.

Ábyrgðaraðilar: Félags- og tryggingamálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Lýðheilsustöð, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Vinnueftirlit ríkisins, Kennarasamband Íslands, Heimili og skóli, trúfélög, Sérsvæitin gegn einelti, Liðsmenn Jeríkó, Blátt áfram, Barnaheill, Samtök atvinnulífsins, ASÍ o.fl.

Greinargerð: Reykjavíkurborg stóð að sérstökum **degi eineltis** í byrjun árs 2010 undir yfirskriftinni virðing, ábyrgð og vellíðan í borgarsamfélaginu. Borgin stóð meðal annars að fjölsóttu málþingi um úrræði gegn einelti þann 17. mars sl. Lagt er til að ríkisstjórn Íslands taki ákvörðun um að einn dagur á ári verði tileinkaður baráttunni gegn ofbeldi í samfélaginu og aðgerðum gegn einelti. Stofnaður verði sérstök verkefnisstjórn með ýmsum hagsmunaaðilum til að undirbúa daginn ár hvert. Leitað verði meðal annars eftir samstarfi við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Meginmarkmiðið með slíkum degi er að skapa umræður í samfélaginu um mikilvægi þess að móta samfélag þar sem einelti fái ekki þrífist og kynna vel heppnaðar aðgerðir í því skyni. Með því að taka höndum saman munu aðilar fá meiri slagkraft í verkefnið.

---

Lagt er til að einn dagur ár hvert verði fyrir valinu og veittar viðurkenningar fyrir vel heppnaðar aðgerðir til að skapa jákvæðan starfsanda á vinnustöðum og jákvæðan skólabrag. Lagt er til að ráðuneytunum þremur verði falin ábyrgð á undirbúningi dagsins árin 2010 og 2011, en eftir það verði tilteknum aðilum falið að sjá um framkvæmdina eftir því sem aðilar koma sér saman um.

## **5. Öryggisnefndir (vinnuverndarnefndir) stjórnarráðsins.**

Ábyrgðaraðilar: Ráðuneytisstjóri og starfsmannastjóri í hverju ráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Öryggisnefndir ráðuneytanna, fulltrúar starfsmanna eða almennir starfsmenn.

Mat á árangri: Allar ríkisstofnanir hafi skipað öryggisnefnd 1. desember 2010.

Greinargerð: Samkvæmt reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum ber atvinnurekanda að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem og að marka stefnu varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í því felst meðal annars gerð áhættumats og áætlunar um heilsuvernd og forvarnir, þ.m.t. gerð viðbragðsáætlunar gegn einelti. Mikilvægt er að stjórnarráðið og ráðuneytin gangi á undan með góðu fordæmi og hafi virkar öryggisnefndir sem taki þátt í gerð slíkra áætlana og fylgist með því hvernig þeim er framfylgt.

Gengið verði eftir því að öryggisnefndir verði skipaðar í öllum ráðuneytum sem vinni saman að mótun viðbragðsáætlana gegn einelti innan stjórnarráðsins í öllum ráðuneytum, sem gæti verið fyrirmynd fyrir stofnanir. Ráðuneytin beiti sér síðan fyrir því að öryggisnefndir verði virkar í stofnunum og að þær vinni að gerð viðbragðsáætlana gegn einelti á öllum vinnustöðum. Lagt er til að breytingar verði gerðar á heiti öryggisnefnda og þess í stað fjallað um vinnuverndarnefndir, sem lýsi betur eðli nefndanna. Félags og tryggingamálaráðuneytið beiti sér fyrir slíkri breytingu í samstarfi við Vinnueftirlitið.

## **6. Fræðsla um mismunun, fordóma og einelti.**

Ábyrgðaraðilar: Menntavísindasvið Háskóla Íslands ásamt sviðum annarra háskóla er mennta fólk til að starfa með börnum og ungmennum í uppeldis-, félags- og heilbrigðisgeiranum.

Samstarfsaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Vinnueftirlit ríkisins, starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins, heilbrigðisstarfsfólk og Lýðheilsustöð o.fl.

Tímarammi: 1.1. 2011 – 1.1. 2012.

Mat á árangri: Rýnihópur meti áhrif.

Greinargerð: Mikilvægt er að kennarar, starfsmanna- og mannauðsstjórar, starfsmenn heilbrigðis-, og félagsmála og aðrir sem sinna uppeldisstörfum séu vel að sér í öllu því sem viðkemur ofbeldi, mismunun og einelti.

## **7. Rannsóknir/gagnaúrvinnsla til að greina áhrif mismununar, fordóma og eineltis á samfélagið.**

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Vinnueftirlitið og Lýðheilsustöð.

Samstarfsaðilar: Háskólasamfélagið, Samband íslenskra sveitarfélaga, náms-, og starfsráðgjafar, starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins og aðrir hagsmunaaðilar.

Tímarammi: 1.1. 2011 – 1.1.2013.



---

Greinargerð: Áður nefndir aðilar í háskólasamfélaginu eru hvattir til að nýta sér fyrirbyggjandi rannsóknir og gagnabanka til þess að greina þau gögn sem eru aðgengileg hjá ýmsum aðilum.

## **8. Breytt hugtakanotkun.**

Ábyrgðaraðilar: Félags- og tryggingamálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Hagsmunaaðilar.

Mat á árangri: Rýnihópur meti áhrif.

Greinargerð: Mikilvægt er að breyta orðræðunni og taka upp orðræðu sem byggir á því að draga fram það jákvæða með því að tala um hvernig megi auka velferð fólks, bæta skólabrag og stofnanamenningu, virðingu og umhyggju en ekki tala eingöngu um aðgerðir gegn einelti, heldur aðgerðir sem stuðlað gætu að aukinni velferð og jafnrétti meðal fólks og aukinni vellíðan almennt.

## **9. Netöryggismiðstöð Íslands.**

Ábyrgðaraðili: Heimili og skóli.

Samstarfsaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, dóms- og mannréttindaráðuneytið, samgönguráðuneytið, Umboðsmaður barna og ýmsar stofnanir og félagasamtök.

Árangur: Reglulegt mat fer fram á verkefninu og áframhaldandi fjárhagslegur stuðningur Evrópusambandsins ræðst af því.

Greinargerð: Lögð er áhersla á að samfélagið sé vakandi gagnvart rafrænu einelti sem hefur aukist til muna síðustu ár og tekur sífellt á sig nýjar myndir samfara tækniþróun. Heimili og skóli, landssamtök foreldra hýsa SAFT verkefnið en SAFT er einnig aðili að INSAFE netverki Evrópskra netöryggismiðstöðva og starfar samkvæmt netöryggisáætlun Evrópusambandsins. Mikilvægt er að velferðarráðuneytin þrjú, dóms- og mannréttindamálaráðuneytið og samgönguráðuneytið séu í samstarfi við SAFT og þessir aðilar saman stuðli að jákvæðri og öruggri netnotkun í íslensku samfélagi ásamt ýmsum stofnunum og samtökum.

## **10. Stjórnun og skipulag aðgerða gegn einelti.**

### **a . Stofnun starfshóps (verkefnisstjórnar) um einelti.**

Ábyrgðaraðilar: Heilbrigðis-, mennta- og menningarmála, og félags- og tryggingamálaráðuneyti og starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins.

Samstarfsaðilar: Lýðheilsustöð, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðrir hagsmunaaðilar.

Tímarammi: 1. júlí 2010 – 1. júní 2013.

Greinargerð: Gerð er tillaga um að skipaður verði starfshópur með fulltrúum framangreindra ráðuneyta til að vinna að framgangi þeirra tillagna sem settar eru fram í þessari greinargerð. Hér er ætlast til þess að starfshópurinn hafi yfirsýn yfir stefnur og aðgerðir hver í sínu ráðuneyti sem tengjast einelti og samþætti þær inn í þær stefnur.

Verkefni hópsins yrði tvíþætt:

- a. Að stuðla að framgangi þeirra tillagna sem hér eru settar fram.
- b. Hlutast til um að dagur gegn ofbeldi verði haldinn með viðeigandi dagskrá.

## **b. Kostnaður við framkvæmd verkefnisins.**

Ábyrgðaraðilar: Heilbrigðis-, mennta- og menningarmála, og félags- og tryggingamála-ráðuneyti.

Samstarfsaðilar: Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins, Lýðheilsustöð, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðrir hagsmunaaðilar.

Áætlaður kostnaður: 6 m.kr. á ári auk 3 m.kr. framlags til starfsemi fagráðs sbr. tillögu um eineltisteymi eða fagráð. Heildarkostnaður við tillögurnar er því áætlaður 9. m.kr.

Greinargerð: Kostnaður við framkvæmd verkefnisins fellur fyrst og fremst til vegna kostnaðar við að halda utan um dagskrá dags gegn ofbeldi. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því að vinnuframlag starfshópsins og annarra verði leyst innan fjárhagsramma viðkomandi aðila.

### **11. Eineltisteymi- fagráð.**

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Tímarammi. Komið verði á eineltisteymi eða fagráði á landsvísu haustið 2010 og ávinningur metinn í árslok 2012. Þá verði tekin ákvörðun um framhaldið.

Greinargerð: Komið verði á eineltisteymi sem almennir vinnustaðir, skólar eða foreldrar geti leitað til þegar koma upp erfið og illeysanlegt eineltismál og allt annað hefur verið reynt innan ramma gildandi laga og reglugerða. Upp komu ýmsar hugmyndir um hverjir gætu átt aðild að þessu teymi og því velt upp að margir ættu þar fulltrúa en aðeins þrír til fjórir væru til taks. Í þessu teymi sitji verkefnastjóri í hlutastarfi sem er ráðinn sameiginlega af þessum þremur ráðuneytum til að halda utan um málaflokkinn. Í teyminu gætu setið sérfræðingur um mismunun og einelti, sáttalögmaður, sálfræðingur, og faglegur fulltrúi frá þeim aðilum sem eiga að vinna að velferð, öryggi og jafnrétti meðal barna í skólum samkvæmt lögum. Þessir aðilar gætu komið frá Barnaverndarstofu, Jafnréttisstofu, Félagi skólahjúkrunarfræðinga og Félagi náms- og starfsráðgjafa eða Félagsráðgjafafélaginu.

**Farvegur eineltismála** innan skólakerfisins verður því þannig að fyrst geta foreldrar/nemendur vísað eineltismálum til umsjónarkennara og **skólastjórnenda**. Ef skólasamfélagi tekst ekki að leysa málin er hægt að leita til **sérfræðiþjónustu sveitarfélags**. Ef ekki tekst að leysa mál á þeim vettvangi er hægt að leita til sérfræðingateymis eða fagráðs sem leitt er af ráðgjafa/verkefnisstjóra sem aðilar sjá um að greiða fyrir miðað við vinnuframlag. Einnig getur mennta- og menningarmálaráðuneytið leitað til þessa teymis eða verkefnisstjóra vegna mála sem koma til kasta ráðuneytisins, meðal annars vegna eineltis í framhaldsskólum og á háskólastigi. Sérstaklega skal tekið fram í þessu sambandi að fagráðinu er einungis ætlað að fást við erfiðustu og flóknustu málin sem upp kunna að koma.

Á vinnustöðum er gert ráð fyrir að verklagið taki mið af eineltisreglugerð og vinnu/verklagsreglum Vinnueftirlitsins. Í erfiðum málum á vinnustöðum verði fyrst leita til viðurkenndra þjónustuaðila við úrlausn mála. Ef ekki tekst að leysa mál með atbeina þjónustaðila geta þeir vísað málum til eineltisteymis- fagráðs.

Gert er ráð fyrir því kostnaður vegna fagráðsins verði um 3 m.kr. á ári.

---

## VI. Tillögur um verkefni í skólastarfi

Hér á eftir er gerð grein fyrir hugmyndum starfshópsins um aðgerðir til úrlausna í skólastarfi.

### 1. Skuldbindandi yfirlýsing um aðgerðir gegn mismunun, fordómum og einelti í skólum og umhverfi barna og ungmenna.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Félag íslenskra framhaldsskóla, Heimili og skóli, Lýðheilsustöð, Liðsmenn Jeríkó og ÍSÍ.

Mat á árangri: Haustið 2010 verði gengið frá skuldbindandi yfirlýsingu um aðgerðir allra samstarfsaðila gegn einelti og samráð um ýmis mál. Megináherslan verði á aðgerðir árið 2011 og 2012 og verkefnið metið í árslok 2012.

Þrátt fyrir ýmsar aðgerðir gegn einelti, fordómum og mismunun í samfélaginu á undanförunum árum þá eru allt of mörg börn og ungmenni sem þjást vegna þessa á öllum skólastigum. Lagt er til að þau þrjú ráðuneyti sem hafa undanfarið ár unnið saman að tillögum um aðgerðir skrifi undir yfirlýsingu þar sem þau skuldbinda sig til samstarfs ásamt lykilaðilum sem tengjast skóla- og æskulýðsstarfi. Markmiðið er að skapa heilbrigð uppeldisskilyrði og jákvæðan skólabrag og berjast gegn einelti, öðru ofbeldi og misrétti. Lagt er til að forsætisráðherra verði verndari þessa verkefnis en auk ráðuneytanna þriggja verði leitað eftir að Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Félag íslenskra framhaldsskóla, Heimili og skóli, Lýðheilsustöð og ÍSÍ skrifi undir þessa yfirlýsingu um skuldbindandi samstarf og aðgerðir.

Þessi yfirlýsing verði unnin að norskri fyrirmynd og í tengslum við hana komi samstarfsaðilar sér saman um ýmsar aðgerðir til að ná markmiðinu. Mikilvægt er að leggja mat á hvernig til tekst með þessa tilraun til samhæfingar.

### 2. Gerð aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Þeir hagsmunaaðilar sem koma að gerð aðalnámskráa.

Mat á árangri: Ný aðalnámskrá verður gefin út fyrir öll skólastig 2011.

Greinargerð: Í nýrri menntastefnu eru settar fram fimm grunnstoðir; lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, skapandi starf, læsi og menntun til sjálfbærni. Nemendur eiga bæði að fá frekari þekkingu um lýðræði og jafnrétti sem og þjálfun og færni til að lifa í lýðræði eða jafnrétti. Allir starfshættir eiga að einkennast af þessum þáttum.

Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna greiningu á valdakerfum og viðteknum hugmyndum samfélagsins í því augnamiði að kenna börnum og unglimum að greina þau valdatengsl sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Markmið jafnréttismenntunar er einnig að allir séu virkir þátttakendur í því að skapa samfélag jöfnuðar, jafnréttis og réttlætis.

---

Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, kennsluhátta og námsumhverfis (úr tillögum starfshóps um jafnréttismenntun).

Jafnréttismenntun með áherslu á viðbrögð við fordómum, mismunum og einelti þurfa að fá sérstaka umfjöllun í aðalnámskrám allra skólastiga sem nú eru í vinnslu á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **3. Þróun kennaramenntunar.**

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur kennaramenntunarstofnana.

Samstarfsaðilar: Skólaskrifstofur sveitarfélaga og samtök kennara.

Mat á árangri: Tekið verði á þessum málum frá og með 2011 þegar ný skipan kennaramenntunar verður komin í framkvæmd.

Greinargerð: Markvisst verði hugað að því í núverandi endurskoðun á kennaramenntun fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara hvernig megi mennta kennara til að móta jákvæðan skólabrag sem einkennist af lýðræði og jafnrétti til að draga úr líkum á misrétti, einelti og fordómum. Kennaranemar þurfa þekkingu og þjálfun til að takast á við slík mál þegar þau koma upp. Áherslur í nýrri menntastefnu þar sem lýðræðis- og jafnréttismenntun er sett í öndvegi kalla á endurskoðun í kennaramenntun.

### **4. Símenntun starfsfólks skóla.**

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og stjórnir endurmenntunarsjóða.

Samstarfsaðilar: Kennaramenntunarstofnanir, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, skólaskrifstofur sveitarfélaga, stjórnendur framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðvar og Heimili og skóli.

Mat á árangri: Sérstaklega verði hugað að símenntun á þessum sviðum 2011 og 2012 og staðan þá metin.

Greinargerð: Mikilvægt er að starfandi kennurum og öðru starfsfólki leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla standi til boða fræðslufundir og sérstök námskeið þar sem fengist er við jafnréttis- og velferðarmál í skólum, meðal annars út frá einelti og annarri ofbeldishegðun. Kennaramenntunarstofnanir verði hvattar til að standa að slíkum fræðslufundum í samráði við Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, einstakar skólaskrifstofur og Heimili og skóla. Einnig verði tilmælum beint til ýmissa endurmenntunarsjóða, stéttarfélaga og vinnuveitenda að haldin verði sértök námskeið um gerð viðbragðsáætlana gegn einelti í skólum, helst landshlutabundin námskeið. Þá verði mælt til að stofnuð verði nokkur landshlutateymi sem geti haldið utan um þessi mál.

### **5. Að stuðla að umræðu um velferð og einelti/ofbeldi í skólum landsins.**

Ábyrgðaraðili: Heimili og skóli.

Samstarfsaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, skólaskrifstofur víða um land, Olweusarverkefnið og Liðsmenn Jerico.

Mat á árangri: Haldnir verði fræðslufundir um land allt haustið 2010 og í árslok verði staðan metin, meðal annars með hvaða hætti skynsamlegast sé að halda áfram slíku starfi.

---

Greinargerð: Heimili og skóli, landssamtök foreldra, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sveitarfélög, Kennarasambandið, Olweusarverkefnið, Liðsmenn Jerico o.fl. hafa ákveðið að fara um landið með fyrirlestraröð um einelti haustið 2010 og er undirbúningur þegar hafinn. Áherslan er á að ná til foreldra, starfsmanna skóla og jafnframt þolenda eineltis. Mikilvægt er að foreldrar fái fræðslu um eineltismál og fræðslu um viðbrögð og afleiðingar eineltis. Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðuneytið taki þátt í þessu verkefni með Heimili og skóla í samstarfi við ýmsa aðila og ráðuneytið noti um leið tækifærið til að kynna nýjar reglugerðir og vinnu við stefnumótun sem tengist þessum málaflokki. Fundirnir verði meðal annars opnir fyrir almenning, foreldra, starfsfólk skóla og sveitarstjórnarmenn. Leitað verði á þessum fundum eftir hugmyndum um aðgerðir gegn einelti í skólum, bæði á landsvísu og einnig innan hvers byggðarlags. Niðurstöðurnar verði meðal annars kynntar ráðherra.

## **6. Verkefni gegn fordómum, mismunun og einelti í skólum.**

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Ýmsir þeir sem standa að rekstri verkefna sem stuðla að aðgerðum gegn fordómum, mismunun og einelti í skólum.

Mat á árangri: Í árslok 2010 liggja fyrir samantekt um þau verkefni sem þegar eru í gangi með tillögum að úttektum á einstökum verkefnum, en miðað er við að 2011 verði nokkur verkefni metin.

Greinargerð: Mikilvægt er að skoða vel þau verkefni sem þegar eru í gangi í skólakerfinu sem hafa það að markmiði að vinna gegn einelti og stuðla að bættum skólabrag. Sveitarfélög styðji við þau verkefni eða hugmyndafræði skóla sem þegar hafa reynst vel en einnig verði skapað svigrúm fyrir ný verkefni eða hugmyndafræði, til dæmis með stuðningi úr Sprotasjóði eða beint frá ráðuneytinu eða á fjárlögum. Árangur af innleiðingu einstakra verkefna eða hugmynda verði reglulega metinn.

## **7. Markvissari vinnubrögð í framhaldsskólum.**

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Einstakir framhaldsskólar, Olweusarverkefnið gegn einelti, skólahjúkrunarfræðingar, náms-, og starfsráðgjafar, Lýðheilsustöð og fleiri aðilar eftir þörfum.

Mat á árangri: Eineltisáætlanir liggja fyrir í öllum framhaldsskólum í árslok 2011 og mat verði lagt á árangurinn 2012.

Greinargerð: Á undanförunum árum hafa framhaldsskólar í auknum mæli fengist við forvarnarstarf af ýmsu tagi, með svipuðum hætti og lengi hefur verið gert í grunnskólum. Unnið hefur verið að heilsueflingu í framhaldsskólum, forvörnum á sviði vímuvarna og geðrækt ýmis konar. Framhaldsskólar gera í vaxandi mæli forvarnaráætlanir og hafa starfandi sérstaka forvarnarfulltrúa. Einnig er í vaxandi mæli unnið í framhaldsskólum að almennri velferð nemenda og vöktuð möguleg áhrif eftir bankahrunið. Ráðuneytið hefur stutt við bakið á framhaldsskólunum á ýmsa vegu og á næsta skólaári verður sjónum sérstaklega beint að forvarnarverkefnum gegn einelti og þeim tilmælum beint til framhaldsskóla að þeir setji sér viðbragðsáætlanir gegn einelti. Sumir skólar hafa þegar hafið þá vinnu, en stefnt er að því að allir framhaldsskólar hafi slíkar áætlanir virkar fyrir árslok

---

2011. Stefnt verði að því að sama eineltisáætlun nái yfir starfsmenn og nemendur framhaldsskóla, enda telst framhaldsskólinn vinnustaður nemenda.

## **8. Endurskoðað hlutverk sérfræðipjónustu sveitarfélaga fyrir leik- og grunnskóla.**

Ábyrgðaraðili; Mennta- og menningarmálaráðuneyti og skólaskrifstofur sveitarfélaga. Samstarfsaðilar: Stjórnendur skóla, starfsfólk sérfræðipjónustu skóla (skólaskrifstofur), félagspjónustur sveitarfélaga, skólaheilsugæsla og starfsfólk leik- og grunnskóla. Gert er ráð fyrir að ný reglugerð taki gildi haustið 2010 og þá verður hún rækilega kynnt og unnið að innleiðingu hennar á vegum ráðuneytisins.

Greinargerð: Hlutverk sveitarfélaga er að tryggja öllum leik- og grunnskólum öfluga sérfræðipjónustu. Nú er í mennta- og menningarmálaráðuneytinu verið að leggja lokahönd á reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga þar sem lögð er meiri áhersla en áður á aðstoð við skólafólk og foreldra við að móta jákvætt námssamfélag í skólunum og eftirfylgni og mat. Hingað til hefur mestur þunginn í sérfræðipjónustunni snúist um sálfræði- og ráðgjafarþjónustu, þ.m.t. greiningar. Skólafólk ætti að geta í auknum mæli leitað til sérfræðinga um starfshætti, kennsluhætti, betra námsumhverfi og samfélag inn í kennslustofu/skóla og meðal annars fengið aðstoð við að byggja upp jákvæðan skólabrag og aðstoð vegna þeirra eineltis- og samskiptamála sem upp kunna að koma. Einnig er í reglugerðinni ákvæði um starf nemendaverndarráða í grunnskólum en með nýjum lögum varð lögbundið að hafa slík ráð starfandi í öllum grunnskólum, en gert er ráð fyrir að nemendaverndarráð geti tekið ýmis erfið mál til úrlausnar, meðal annars sem tengist einelti. Þannig verður betur hægt að vinna að markmiðum í aðalnámskrá um jafnrétti, lýðræði og velferð í skólum og slík vinna gæti haft ótvírætt forvarnargildi.

## **9. Ný reglugerð um ábyrgð nemenda í grunnskólum.**

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga, skólastjórnendur, skólaskrifstofur sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Heimili og skóli, Samtök sjálfstæðra skóla og Umboðsmaður barna. Gert er ráð fyrir að ný reglugerð taki gildi haustið 2010 og þá verði hún kynnt rækilega og unnið að innleiðingu hennar í samstarfi allra framangreindra aðila.

Greinargerð: Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 skulu nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska. Samkvæmt 14. gr. laganna ber nemendum að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skal mæla fyrir um útfærslu þessarar greinar í reglugerð. Í gildi er reglugerð um skólareglur og aga sem er í endurskoðun í ljósi nýrra laga. Lagt er til að við endurskoðunina verði *sérstaklega tekið á meðferð eineltismála, sett ákvæði um forvarnarstarf skóla með markvissum hætti og viðeigandi viðbragðsáætlunum*. Lagt er til að í reglugerðinni verði sett nýtt ákvæði um sérstakt fagráð sem hægt verði að vísa erfiðustu eineltismálunum til, sem ekki tekst að leysa á vettvangi viðkomandi skóla eða sveitarfélags. Með þessu móti er hægt að koma til móts við kröfur um markvissari umgjörð um meðferð eineltismála í grunnskólum. Við gerð reglugerðarinnar verði hagsmunir nemenda hafðir að leiðarljósi.

---

Vinna við endurskoðun þessarar reglugerðar stendur nú yfir í ráðuneytinu í samstarfi við hagsmunaaðila og stefnt er að því að endurskoðuð reglugerð geti tekið gildi haustið 2010. Í kjölfarið þarf að kynna nýja reglugerð rækilega fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins og jafnvel halda sérstök námskeið fyrir stjórnendur skóla og starfsfólk sérfræðipjónustu. Mikilvægt er að ráðuneytið fylgi reglugerðinni vel eftir.

Auk þess verði í almennum hluta aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla fjallað um skólabrag, hegðun, samskipti og tengsl og sett ákvæði um aðgerða- og forvarnaráætlanir skóla á þessu sviði og reglugerðin útfærð nánar.

Tekið verði á eineltismálum í væntanlegri handbók um öryggismál og slysavarnir sem ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga munu gera, sbr. ákvæði í nýjum reglugerðum um starfsumhverfi leikskóla og grunnskóla.

## VII. Tillögur um aðgerðir á vinnustöðum.

Í viðtölum við þá fjölmörgu aðila sem að framan er getið hefur komið fram ákveðinn samhljómur um þær aðgerðir sem eðlilegt væri að grípa til gegn einelti á vinnustöðum. Þess ber einnig að geta að við vinnslu meðfylgjandi tillagna um aðgerðir gegn einelti leitaði starfshópurinn aðstoðar við skoðun þeirra hugmynda hjá Vinnueftirliti ríkisins sem voru í umræðunni en hlutverk Vinnueftirlitsins gegn einelti er skilgreint í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Tillögur starfshópsins um verklag til að koma í veg fyrir og/eða bregðast við einelti á vinnustað:

### **1. Að á öllum vinnustöðum sé gert heildstætt áhættumat þar sem meðal annars eru skoðaðir félagslegir og andlegir áhættuþættir.**

Ábyrgðaraðilar: Stjórnandi á vinnustað.

Samstarfsaðilar: Öryggisnefnd (Vinnuverndarnefnd) á vinnustað í samvinnu við alla starfsmenn.

Árangur: Áhættumat liggja fyrir í öllum opinberum stofnunum fyrir 1. apríl 2012.

Greinargerð: Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem felur í sér almennt áhættumat og áætlun um forvarnir. Við gerð áhættumatsins skal meðal annars meta aðstæður í vinnuumhverfinu sem geta leitt til eineltis. Grípa skal til viðeigandi aðgerða í samræmi við niðurstöður áhættumatsins til að draga úr eða koma í veg fyrir að slíkar aðstæður komi upp á vinnustaðnum. Atvinnurekandinn skal hafa samráð við vinnuverndarfulltrúa við gerð áhættumats og áætlun um forvarnir.

### **2. Að áhætta sé metin m.t.t. til alvarleika og fjölda þeirra starfsmanna sem málið snertir.**

Ábyrgðaraðilar: Stjórnandi á vinnustað.

Samstarfsaðilar: Starfsmannastjóri/mannauðsstjóri og öryggisnefnd.

---

Niðurstaða slíks mats liggja fyrir eigi síðar en fjórum vikum eftir að áhættumat hefur verið unnið.

Mat á árangri: Að rýnihópur meti áhrif.

Almennt: Gert er ráð fyrir því að hægt sé að meta alvarleika eineltisins og þá sé til staðar verklag sem tryggir að aðgangur sé að sérfræðingum sem geti tryggt þverfaglega nálgun.

### **3. Að hver og einn vinnustaður setji skýr markmið og markvissa áætlun um forvarnir í samræmi við reglugerðir nr. 920/2006 og 1000/2004.**

Ábyrgðaraðilar: Stjórnandi á vinnustað.

Samstarfsaðilar: Starfsmannastjóri/mannauðsstjóri og öryggisnefnd, starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins, fulltrúar stéttarféлага.

Markmið og áætlun liggja fyrir í öllum opinberum stofnunum fyrir 1. október 2012.

Greinargerð: Á vinnustaðnum skulu starfsmenn sýna samstarfsfólki kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti verður undir engum kringumstæðum umborið á vinnustaðnum. Meðvirkni starfsmanna í einelti er óásættanleg. Stjórnendur og starfsmenn bera ábyrgð á því að grundvallarreglur samskipta á vinnustað séu virtar. Nýjum starfsmönnum skal kynnt stefna og viðbragðsáætlun vinnustaðarins í eineltismálum strax við upphaf starfs. Stefnan og viðbragðsáætlunin skulu rifjaðar upp reglulega á starfsmannafundum. Ágreiningsmál og hagsmunaárekstrar á vinnustöðum geta valdið óþægindum. Mikilvægt er að leysa slík mál án tafar áður en þau þróast til verri vegar.

### **4. Vitundarefning.**

Ábyrgðaraðili: Stjórnandi stofnunar.

Samstarfsaðilar: Starfsmannastjóri/mannauðsstjóri og öryggisnefnd með liðsinni Vinnueftirlits ríkisins, símenntunarsjóðir stéttarféлага og vinnuveitendur ásamt fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Mat á árangri: Vinnueftirlit ríkisins meti framkvæmd að þremur árum liðnum. Fyrsti áfangi þessa verkefnis verði settur af stað í haust.

Greinargerð: Að fræða og auka meðvitund atvinnurekenda og stjórnenda um ábyrgð þeirra í eineltismálum og mikilvægi þess að vinna markvisst að forvörnum gegn einelti á vinnustöðum. Slíkt er hægt að gera til að mynda með því að bæta samskipti og stjórnun á vinnustöðum og að stjórnendur sýni með hegðun sinni og framkomu gott fordæmi. Atvinnurekandi skal samkvæmt reglugerð 1000/2004 koma í veg fyrir einelti og aðra ótilhlýðilega háttsemi á vinnustaðnum. Honum ber einnig, samkvæmt sömu reglugerð að grípa til viðeigandi ráðstafana til að fylgja því eftir að einelti endurtaki sig ekki.

Auka þarf fræðsluefni um einelti og afleiðingar þess og nota til þess að ýmsar leiðir, t.d. bæklinga, netið og fleiri miðla.

Vitundarefning um einelti a.m.k eigi sér stað einu sinni á ári á hverjum vinnustað í þrjú ár þar sem starfsmenn taka að sér að framkvæma ýmis verkefni sem hefðu það að markmiði að vinna gegn einelti.

### **5. Aðferðir við lausn erfiðra ágreiningsmála.**

Ábyrgðaraðilar: Stjórnandi stofnunar.

Samstarfsaðilar: Starfsmannastjóri/mannauðsstjóri og öryggisnefnd með liðsinni Vinnueftirlits ríkisins.



---

Mat á árangri: Vinnueftirlit ríkisins metur framkvæmd að þremur árum liðnum.

Greinargerð: Mikilvægt er að á hverjum vinnustað vinni aðilar út frá viðurkenndum aðferðum við lausn ágreiningsmála. Gert er ráð fyrir því að Vinnueftirlit ríkisins bjóði upp á námskeið við lausn ágreiningsmála. Skipan eineltisteyma getur einnig verið heppilegur kostur á stórum vinnustöðum. Slík teymi gætu verið í fararbroddi í þeim aðgerðum sem tilgreindar eru hér í liðum 1 -5. Rökin væru m.a. þau að í sérstöku teymi væri samankomin meiri og sérhæfðari þekking en í öryggisnefnd með mun breiðara starfssvið.

## **6. Að vinnu við reglugerð um starf þjónustuaðila í vinnuvernd verði lokið.**

Ábyrgðaraðilar: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Vinnueftirlit ríkisins og hagsmunaaðilar.

Greinargerð: Ráðuneytin í sameiningu hvetji til þess að reglugerðin um viðurkennda þjónustuaðila taki gildi sem fyrst.

## **7. Að reglugerð um einelti verði endurskoðuð.**

Ábyrgðaraðilar: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Hagsmunaaðilar.

Mat á árangri: Verki lokið 1. desember 2011.

Almennt: Nauðsynlegt er í ljósi reynslunnar að reglugerðin verði endurskoðuð. Í því sambandi er sérstaklega horft til skýrari skilgreiningar á einelti. Hlutverk þjónustuaðila og staða starfsmanna gagnvart aðgengi að upplýsingum sem þá snertir. Loks að horft sé til starfsöryggis þeirra sem kvarta og skoða möguleika Vinnueftirlits til viðurlaga sé leiðsögn ekki sinnt.

## **8. Að jafnréttislög nr. 10/2008 verði endurskoðuð.**

Ábyrgðaraðili: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Samstarfsaðili: Hagsmunaaðilar.

Mat á árangri: 1. janúar 2012.

Almennt: Aðgerðir vegna kynferðislegs ofbeldis. Skýrari ákvæði í jafnréttislögum um aðgerðir vegna kynferðislegrar áreitni.

---

## Fylgiskjal 1.

Yfirlit funda með hagsmunaaðilum:

7. júlí 2009: Kynning frá Vinnueftirliti ríkisins og stéttarfélagi SSR og Svæðisskrifstofu málefni fatlaðra í Reykjavík þar sem gerð var grein fyrir starfsemi svæðisskrifstofanna á höfuðborgarsvæðinu til að koma í veg fyrir. Þessir aðilar kynntu fyrir starfshópnum verkferlið sem fer í gang þegar eineltismál koma upp. Vinnueftirlitið greindu frá umfangsmiklu starfi þeirra við að vinna gegn einelti á vinnustöðum. Þau kynntu meðal annars bækling Vinnueftirlitsins um eineltismál, veggspjald og lögðu mikla áherslu á gott samstarf við stéttarfélög. Það er mat eftirlitsins að mikilvægt sé að huga vel að vinnustaðnum sjálfum, leggja áherslu á áhættumat og eineltisáætlanir og fulltrúar eftirlitsins halda fjölmörg fræðslunámskeið á vinnustöðum um þessi efni. Vinnueftirlitið lagði sérstaka áherslu á mikilvægi starf öryggisnefnda á vinnustöðum með öryggisvörðum og öryggistrúnaðarmönnum en þessar nefndir gegna mikilvægu hlutverki við að vinna gegn einelti á vinnustöðum, en ekki liggur fyrir hjá þeim hvernig virkni þessara nefnda er almennt á vinnustöðum.

Fulltrúar frá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík greindu frá starfi svæðisskrifstofanna í því að vinna gegn einelti og hafði það verið gert með teymisvinnu og skilgreindri ábyrgð á þessum málum. Fulltrúarnir kynntu teymisvinnuna sérstaklega og greindu frá starfinu, en örfá eineltismál hafa verið tekin fyrir hjá þeim í teyminu og telja þau kostnað ekki mikinn við teymið.

13. ágúst 2009: Fundur með fulltrúa frá Barnaverndarstofu og Þórarni Eyfjörð framkvæmdastjóra SFR.

Á fundi með fulltrúa Barnaverndarstofu kom fram að það sé ekki skilgreint verkefni barnaverndar að börn séu örugg í skólum. Barnaverndin hefur ekki stjórnýsluvald yfir skólunum og getur því ekki haft frumkvæði að viðbrögðum þegar um eineltismál er að ræða. Hlutverk barnaverndar er fyrst og fremst að grípa inn í þegar foreldrar bregðast barni. Tilkynningar sem berast barnaverndarstofu um einelti koma gjarna frá lögreglu. Þá eru það tilfelli sem varða líkamlegt ofbeldi. Í lögum um barnavernd er hvergi minnst á hugtakið einelti. Hugtakanotkun er önnur og þar er fjallað um ofbeldi. Á fundinum var því velt upp hvort hægt væri að auka samstarf við skóla með lagabreytingu þar sem hlutverk barnaverndar væri skilgreint víðar. Þórarinn Eyfjörð kallaði eftir betri verkfærum til að vinna með eineltismál. Nóg væri komið af greiningum, prósentutölum og kortlagningu. Algeng leið sem stjórnendur fara er að kaupa sálfræðinámskeið eða sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir þólandann til að laga vandamálið hjá honum. Fókusinn er oftast ekki á gerandanum – ekki síst ef hann er stjórnandi.

25. september 2009: Fundur með Sigrúnu Ágústsdóttur frá Réttarholtsskóla og fulltrúum frá Þjóðkirkjunni.

Sigrún lýsti í stuttu máli hvernig unnið er í Réttarholtsskóla, sem er fjölmennur unglingsaskóli, að forvörnum gegn einelti en í skólanum hefur frá 2002 verið unnið eftir Olweusaráætluninni gegn einelti. Að mati Sigrúnar hefur orðið veruleg breyting á þessum

---

málum í skólanum en mikilvægt er að allir starfsmenn skólans vinni eftir samræmdri áætlun. Leiðtogar í skólanum og umsjónarkennarar eru mikilvægir og brýnt er að hlusta á nemendur. Mikilvægt er að skólinn geti fengið ráðgjöf fyrir starfsmenn og æskilegt væri að geta nýtt krafta utanaðkomandi sérfræðiteymis í erfiðustu tilvikunum sem ekki næst að vinna innan skólans, hvorki í almennum aðgerðum eða með tilstuðlan nemendaverndarráðsins. Einelti í Réttarholtsskóla hefur undanfarin ár mælst nánast ekki neitt, en stöðugt þarf að vera á verði og taka á málum af myndugleika sem upp koma.

Fulltrúar frá Landspítalanum komu og greindu frá eineltisteymi sem vinnur í hluta spítalans. Mikilvægt er að þeirra mati að hafa virka öryggisnefnd og markviss vinnubrögð.

Fulltrúar frá Þjóðkirkjunni lýstu því hvernig þeir sinntu erfiðum kynferðisofbeldismálum innan sinna raða. Starfað hefur fagrað innan þjóðkirkjunnar frá 2000 sem ætlað er að taka á erfiðum málum, til dæmis veita fólki ábyrg áheyrn. Kynntu þau starf fagraðsins og lýstu ferlinu. Kirkjan hefur sett sér starfsreglur um meðferð kynferðisbrota, sjá kirkjan.is. Einnig hefur kirkjan gefið út siðareglur vegna barna- og æskulýðsstarfs. Loks er starfsandi úrskurðarnefnd innan kirkjunnar. Kostnaður við fagraðið er um 300 þús. kr. árlega.

5. október 2009: Fjallað um framkomnar hugmyndir og næstu skref. Ákveðið að samstarfsaðilar verkefnisins ynnu að frekari mótun hugmynda hver fyrir sig og síðan yrði stefnt að fundi eftir áramót.

27. janúar 2010: Farið yfir stöðuna í vinnu starfshópsins. Næstu skref skoðuð. Ákveðið að huga að því hvernig standa ætti að kynningu á verkefninu.

8. mars 2010: Vinnufundur um uppsetningu og tillögur um aðgerðir gegn einelti. Jafnframt átti sér stað umræða um væntanlegan kostnað við verkefnið. .

8. apríl 2010 Úrvinnsla hugmynda samstarfsaðila verkefnisins. Farið var yfir hugmyndir samstarfsaðila og ákveðið að kynna þær fyrir ráðherrum í maí/júní Einnig er stefnt að kynna framkomnar hugmyndir fyrir þeim aðilum sem komu til samráðs með vinnuhópnum þann 16. júní í fyrra. Fulltrúar Sérsvaitarinnar gegn einelti komu á fundinn og gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum.

30. apríl 2010 Undirbúningur fundar þar sem kynntar verða tillögur nefndar um aðgerðir gegn einelti.

Fleiri óformlegir fundir til að þróa stefnumið voru haldnir í starfshópnum sem ekki voru bókaðir sérstaklega og því ekki talin ástæða til að fjalla um hér.

---

## Fylgiskjal 2

### Fundir um eineltismál haldnir í mennta- og menningarmálaráðuneyti 16. júní 2009 og 28. maí 2010

#### Heildarlisti boðaðra

Aðalheiður Steingrímisdóttir, Félagi framhaldsskólakennara,  
Aldís Yngvadóttir, Námsgagnastofnun  
Alma Lía Jóhannsdóttir, Starfsmannafélagi ríkisstarfsmanna  
Andrés Ingi Jónsson, heilbrigðisráðuneyti  
Anna Kristinsdóttir, Reykjavíkurborg  
Anna Kristín Kristinsdóttir, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra og sjónskertra  
Arnór Guðmundsson, mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Ása Ásgeirsdóttir, Vinnueftirlitinu  
Ásgeir Sigurgestsson, Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi  
Áslaug Einarsdóttir, heilbrigðisráðuneyti  
Berglind Rós Magnúsdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Bergljót Snorradóttir, liðsmaður Jerico  
Bergþóra Valsdóttir, SAMFOK  
Björg Bjarnadóttir, Kennarasambandi Íslands  
Björk Einisdóttir, Heimili og skóla  
Bryndís Jónsdóttir, SAMFOK  
Dagný Baldursdóttir, liðsmaður Jerico  
Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, Lýðheilsustöð  
Eðvald Einar Stefánsson, Umboðsmaður barna,  
Elías Jón Guðjónsson, mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Elísabet Sóley Stefánsdóttir, liðsmaður Jerico  
Fríða María Ólafsdóttir, Vinnueftirlitinu  
Guðberg K. Jónsson, Heimili og skóla  
Guðbjörg Jónsdóttir, menntasviði Reykjavíkurborgar  
Guðjón E. Ólafsson, Fræðsluskrifstofu Austur-Húnavetninga  
Guðni Olgeirsson, mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Guðríður Haraldsdóttir, Sálfræðingafélagi Íslands  
Guðrún Inga Guðmundsdóttir, Skólasálfræðingum  
Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga  
Gunnar Alexander Ólafsson, heilbrigðisráðuneyti  
Halla Gunnarsdóttir, heilbrigðisráðuneyti  
Halla Jónsdóttir, menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Helga Björk Magnúsdóttir Grétudóttir, samstarfshópur um vinnuvernd og liðsmaður  
Jerico - Eineltissamtökin '98  
Héðinn Unnsteinsson, heilbrigðisráðuneyti  
Ingibjörg Auðunsdóttir, Háskólanum á Akureyri,  
Ingibjörg Helga Baldursdóttir, liðsmaður Jerico  
Jenný Ingudóttir, Lýðheilsustöð  
Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Kristinn Breiðfjörð, Skólastjórafélagi Íslands

---

Kristín Hreinsdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga  
Laufey Elísabet Gissurardóttir, Þroskaþjálfafélagi Íslands  
Lone Jensen, Svæðisskrifstofu Reykjavíkur  
Lúðvík Ólafsson, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins  
Magnús Þorgrímsson, Svæðisskrifstofu Vesturlands  
Magnúsína Valdimarsdóttir, Alþingi  
Margrét Júlía Rafnsdóttir, Barnaheill  
Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Háskólanum í Reykjavík  
María Skaptadóttir, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins  
Nanna Christiansen, menntasviði Reykjavíkurborgar  
Ragnar F. Ólafsson, Námsmatsstofnun  
Salbjörg Bjarnadóttir, Landlæknisembættinu, verkefnisstjóri Þjóðar gegn þunglyndi  
Salóme Þórisdóttir, Þroskaþjálfafélagi Íslands  
Sesselja G. Sigurðardóttir, Kennarasambandi Íslands  
Sesselja Snævarr, mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Sigtryggur Magnason, mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Sigurbjörg Helgadóttir, menntasviði Reykjavíkurborgar  
Sigurður Jónsson, Alþingi  
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, Heimili og skóla  
Sjöfn Þórðardóttir, Heimili og skóla  
Soffía Lárusdóttir, Svæðisskrifstofu Austurlands  
Sólrún Hjaltsted, Svæðisskrifstofu Reykjaness  
Steinar Harðarson, Vinnueftirlitinu  
Steinunn Emilía Þorsteinsdóttir, Svæðisskrifstofu Suðurlands  
Svandís Ingimundardóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga  
Thelma Björk Árnadóttir, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins  
Valgerður Halldórsdóttir, Félagsráðgjafafélagi Íslands  
Védís Grönvold, mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Vigdís Hallgrímsdóttir, heilbrigðisráðuneyti  
Þorlákur H. Helgason, Olweusaráætlun  
Þór Þórarinsson, félags- og tryggingamálaráðuneyti  
Þórður Hjaltsted, Félagi grunnskólakennara

